

Reykjanesbær
Umhverfis – og skipulagsdeild
Bt. Guðlaugs H. Sigurjónssonar, sviðsstjóra
Tjarnargötu 12
Reykjanesbæ.

Afrit sent á: Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóra, Eystein Eyjólfsson formann USK, Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúa, Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála.

Reykjanesbær, 24. maí 2022.

Efni: Ósk um endurnýjun gangstéttar við Holtsgötu, milli Borgarvegjar og Hlíðarvegs.

Undirritaðir, eigendur fasteigna er standa við Holtsgötu 17 - 23 og Borgarveg 26, fara þess á leit við Reykjanesbæ að gangstétt er stendur við Holtsgötu og nær frá Borgarvegi að Hlíðarvegi í Njarðvík verði lagfærð með því að vera tekin upp og ný sett í hennar stað. Óskað hefur verið eftir viðbrögðum og úrbættum sveitarfélagsins í viðræðum við embættismenn þess í samtölum og framlögðum beiðnum í mörg ár en ekkert gengið né rekið og nú er hér lagt fram formlegt erindi sem óskað er afgreiðslu á.

Í umferðarlögum nr. 77/2019, kafla III, 15 gr. segir að gangandi vegfarandi skuli nota gangstéttar í umferðinni. Umrædd gangstétt er ekki boðleg fyrir vegfarendur og hefur ekki verið boðleg í fjölda ára. Hún er fyrir löngu ónýtt, úr sér gengin, mölbrotin og mishæðótt á löngum köflum er veldur slyshættu, bæði ungra vegfarenda og eldri sem þar fara um, gangandi, hlaupandi, hjólandi o.s.frv. Í þessu ásigkomulagi hefur hún staðið í meira en 20 ár og er löngu komin tími á sveitarfélagið að bregðast við og sinna skyldum sínum.

Gangstéttin er auk þess mikið lýti fyrir þetta fjölfarna svæði og fyrir þá eigendur fasteigna sem þar búa. Þarna á horninu er vinsæl kjörbúð, Kostur, sem dregur að sér mikinn massa af umferð, bæði gangandi, hjólandi og bílaumferð og rétt handan við hornið hinum megin er leikskóli hverfisins sem einnig er fjölsóttur. Ofar í götunni situr vinsæll áfangastaður og menningarhús Reykjanesbæinga, Hljómahöllin, og því afar sorglegt að Reykjanesbær sjái ekki sóma sinn í að laga og halda betur við svo litlum hluta gangstéttar á jafn fjölförnum stað. Slæm ásýnd götumyndarinnar vegna þessarar ljótu gangstéttar sem telur rétt um 130 metra dregur niður ásýnd götunnar, hverfisins og bæjarins og krefjast íbúar sem þar búa og greiða

sína skatta og gjöld til sveitarfélagsins að Reykjanesbær sinni viðhaldi hér líkt og í öðrum götum og á gangstéttum í bænum. Yfir 20 ár af þessum ósóma er orðið mikið meira en nóg.


Meðfylgjandi eru myndir af umræddri gangstétt.




Við undirrituð, íbúar og eigendur fasteigna er standa við þessa gangstétt, skorum því hér með á Reykjanesbæ að gera betur og ganga í verkið við að koma þessari umræddri gangstétt í sómasamlegt horf hið allra fyrsta.


Svör um úrbætur og áætlaðan tíma þeirra óskast skriflega frá sveitarfélaginu á alla undirritaða.

Holtsgata 17 (F2093621)


Vilhjálmur F. Vilmundarson, kt. 230570-4509



Þórdís Sveinsdóttir, kt. 250182-4739

Holtsgata 19 (F2093624)


Ólafur Guðbergsson, kt. 020960-4779



Björk Árnadóttir, kt. 271221-7999


Holtsgata 21 (F2093628)


Anna Klara Hreinsdóttir, kt. 040960-3259



Bragi Bjarnason, kt. 090859-2699


Holtsgata 23 (F2093632)


Anna Steinunn Jónasdóttir, 190278-5069


Ólafur Björnsson, kt. 130483-4539

Borgarvegur 26 (F2092962)


Einar Jónsson, kt. 150747-4069


Hafðís Garðarsdóttir, kt. 110950-4709